

OMX I10	2.843 1.18%	OMX C	1.587 -1.90%	OMX H	10.495 0.05%	Dow Jones	30.962 -0.56%	FTSE	7.282 0.07%
OMX N40	2.040 -1.01%	OMX S	1.912 -0.24%	OSEBX	1.204 -0.44%	Nasdaq	11.552 -1.43%	DAX	12.957 -0.55%

Fleiri sakna svara frá Þjóðgarðinum

● Starfandi þjóðgarðsvörður segir verklagsreglur í vinnslu ● Aðstaða við Jökulsárlón sé fullnýtt

Stefán E. Stefánsson
ses@mbl.is

Ferðahjónustufyrirtækið South East ehf. segist ekki fá efnislega meðferð á umsókn um heimild til siglinga á Jökulsárlóni. Fyrirtækið hafi þann 26. apríl síðastliðinn sótt um heimild til Vatnajökulshjóðgarðs til þess að gera út tvo zodiac-báta næsta sumar, þ.e. 2023.

„Við uppfyllum öll skilyrði sem þjóðgarðurinn setur um samstarfs-samning,“ segir Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Eftir nokkra eftirgangsmuni í lok ágústmánaðar fengu forsvarsmenn fyrirtækisins þau svör frá þjóðgarðinum að ekkert væri að fréttu af stöðu mála.

„Í því svari frá Ingibjörgu Halldórsdóttur, lögfræðingi þjóðgarðsins [og nú settum þjóðgarðsverði], segir meðal annars: „Til að tryggja samræmda og vandaða stjórnsýslu hefur þjóðgarðurinn skilgreint verklag við meðferð slíkra umsókna...“. Við teljum það ekki vandaða stjórnsýslu að svara svo

ekkert,“ segir Sigurður. South East ehf. er annað fyrirtæki sem kvartar sáran undan samskiptum við þjóðgarðinn. Í viðtali í Dagmálum sem birt var í gær á mbl.is sagði Gréta María Grétarsdóttir, forstjóri Arctic Adventures, að þjóðgarðurinn svaraði í engu beiðni fyrirtækisins um að fá að gera út rafknúinn og umhverfisvænan bát á lóninu. Tækið, sem fjárfest hafi verið í, liggja því ónotað og án tekna í geymslu í Þýskalandi.

Barst í almennt pósthólf

Ingibjörg Halldórsdóttir, settur þjóðgarðsvörður, segir að umsókn Arctic Adventures hafi ekki borist fyrr en 30. ágúst síðastliðinn „í almennt pósthólf þjóðgarðsins. Þar sem spurst var fyrir um hvaða gögn þurfi að fylgja umsókn sem fyrirtækið áformi að senda inn. Svar við þeirri fyrirspurn er í vinnslu og verður svarað á næstu dögum,“ sagði í svari Ingibjargar.

Hún segir að önnur fyrirtæki en þau sem nú hafi heimild til siglinga á Jökulsárlóni hafi sýnt áhuga á að



Morgunblaðið/Ásdís

Jökulsárlón Náttúruvættid sækja hundruð þúsunda ferðamanna á ári hverju.

gera út á svæðinu. Hins vegar hafi ekki verið unnt að verða við því þar sem ekki sé búið að ráðast í uppbyggingu sem aukið umfang starfsemi og tilfærsla athafnasvæðisins krefjist.

Skýrsla var unnin fyrr á þessu ári sem varðar stöðuna á Breiðamerkursandi. Þar kemur fram að unnið sé að framtíðarskipulagi fyrir svæðið í kringum Jökulsárlón.

„Meðal þess sem unnið er að er

sviðsmýndagreining/fýsileikakönnun fyrir fjármögnun og fyrirkomulag uppbyggingar og rekstrar á svæðinu annars vegar og fyrirkomulag úthlutunar aðstöðu og/eða leyfa til atvinnureksturs hins vegar,“ segir Ingibjörg.

Í svari frá henni kemur fram að tvö fyrirtæki greiði nú til þjóðgarðsins aðstöðugjald vegna bílastæðanna við lónið. Það séu fyrirtækin Jökulsárlón ferðahjónusta ehf. sem greiði á þessu ári 3.903.265 kr. og fyrirtækið Ice Lagoon sem greiði 1.932.463 kr.

Ábatasöm starfsemi

Eru þessar greiðslur samningsbundnar og verðtryggðar. Þær byggjast á samningum við fyrri landeigendur en ríkissjóður keypti jörðina Fell og þar með Jökulsárlón fyrir rúma 1,5 milljarða króna.

Árið 2019 skilaði Jökulsárlón ferðahjónusta ehf. eignum sínum 342 milljóna króna hagnaði. Ice Lagoon skilaði á sama ári hagnaði sem nam 32,9 milljónum króna.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2022 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðaragjaldi, sektum skattnarstjórnar, ofgreiddri uppþö á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2022

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Míla Salan hefur tekið ellefu mánuði, þar af sjö mánuði í meðförum SKE.

Söluverðið lækkaði um 8,5 milljarða

● Gengið frá kaupum Ardian á Mílu

Síminn náði í gærmorgun samkomulagi við franska fjárfestingasjóðinn Ardian um kaup þess síðarnefnda á dóttufélagi Símanum, Mílu. Samhliða því var undirrituð sátt á milli Ardian og Samkeppniseftirlitsins (SKE), sem felst í því að stofnunin samþykkir viðskiptin með tilteknum skilyrðum. Eins og Morgunblaðið hefur ítarlega fjallað um hafði SKE sett sig upp á móti viðskiptunum þar sem stofnunin taldi að þau myndu raska samkeppni. Sú andstaða byggðist meðal annars á athugasemdum Ljósleidarans, sem er opinbert fyrirtæki í samkeppni við Mílu.

Heildarvirði viðskiptanna er nú 69,5 milljarðar króna, sem er 8,5 milljörðum króna minna en upphaf-

lega var gefið upp þegar tilkynnt var um söluina fyrir tæpum 11 mánuðum. Í tilkynningu frá Símanum til Kauphallar í gærmorgun kom fram að heildarvirði viðskiptanna hefði lækkað í ljósi skilyrða SKE.

Samningur stytur enn frekar

Eitt helsta ásteytingarmál SKE vegna viðskiptanna var einkasölu-samningur á milli Símanum og Mílu, sem felur í sér kaup Símanum á þjónustu Mílu, sem upphaflega átti að gilda í 20 ár. Síminn og Ardian höfðu áður náð samkomulagi um að lækka kaupverðið um fimm milljarða og stytta gildistíma samningsins um þrjú ár, niður í 17 ár, til að mæta athugasemdum SKE. Það dugði þó ekki og nú hefur kaupverðið sem fyrr segir verið lækkað um 3,5 milljarða króna til viðbótar en auk þess hefur samningurinn verið stytur um tvö ár, og gildir nú í 15 ár.

Síminn fær um 33 milljarða króna greidda í reiðufé í lok september, og um 17,5 milljarða króna í formi skuldabréfs til þriggja ára. Þá tekur Ardian yfir fjárhagslegar skuldbindingar Mílu sem eru nú að andvirði um 19 milljarða króna. Þegar upphaflega var tilkynnt um kaupin, í nóvember í fyrra, var gert ráð fyrir að Síminn fengi um 44 milljarða króna í reiðufé.

16. september 2022	
Gjaldmiðill	Gengi
Dollari	139.84
Sterlingspund	161.51
Kanadadalar	106.02
Dönsk króna	18.785
Norsk króna	13.815
Sænsk króna	13.087
Svissn. franki	145.34
Japanskt jen	0.9764
SDR	181.42
Evra	139.7
Meðalgengi/Viðskiptavog þröng	176.4129